

Aukavatnsskattur.**3. gr.**

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt af húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 2.10 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, er að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur samkv. ákvörðun vatnsveitunnar.

Önnur gjöld.**4. gr.**

Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa og báta í Akraneshöfn, skal vera kr. 40.00 fyrir hvern rúmmetra.

5. gr.

Allir, sem óska tengingar við dreifieðar vatnsveitunnar, greiði stofngjald, er sé kr. 7.50 af fyrstu 2000 rúmmetrum húss og kr. 5.00 af því, sem þar fer yfir.

6. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 1 800.00 pr. mæli. Mælaleiga skal vera sem hér segir:

40 mm mælir og minni	kr. 600.00 pr. ár
50 mm mælir	— 1 000.00 — —
80 mm mælir	— 1 200.00 — —
100 mm mælir	— 2 400.00 — —

7. gr.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað framantalin gjöld, öll eða hvert um sig, um allt að 50%, án þess að leita staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Akraness nr. 55 2. mars 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 15. janúar 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs og leyfis til reglubundins áætlunarflugs, án einkaréttar.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið hinn 21. desember 1973 veitt Flugfélaginu Vængjum h.f., Reykja-

vik, sérleyfi til áætlunarflugs til flutninga á farþegum, pósti og vörum, á tímabilinu 21. desember 1973 til 5. desember 1978 á eftirgreindum flugleiðum:

Reykjavík—Siglufjörður—Reykjavík.

Reykjavík—Öndarfjörður—Reykjavík.

Reykjavík—Blönduós—Reykjavík.

Reykjavík—Stykkishólmur—Reykjavík.

Reykjavík—Rif—Reykjavík.

Reykjavík—Akranes—Reykjavík.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi áætlunarferðum eftir því, sem flutningaþörf krefur, að mati ráðuneytisins.

Enn fremur hefur ráðuneytið veitt Flugfélaginu Vængjum h.f. leyfi til reglubundins áætlunarflugs, án einkaréttar, á flugleiðinni Reykjavík—Reykjahlíð við Mývatn—Reykjavík, fyrir sama tímabil og fyrr greinir. Leyfið er til flutninga á farþegum, pósti og vörum.

Samgönguráðuneytið, 15. janúar 1974.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um róðrartíma fiskibáta frá Faxaflóa, Sandgerði og Grindavík.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir alla fiskibáta nema útilegubáta, sem stunda róðra með línu á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí frá Faxaflóahöfnum, Sandgerði og Grindavík.

2. gr.

Grein þessi fjallar um róðrartíma fiskibáta, er róa með línu frá Faxaflóahöfnum og Sandgerði á mið sunnan línu, sem dregin er milli Garðskagavita og 64°17'8 n.br. og 23°18'0 v.lgd.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí má enginn bátur fara í fiskiróður frá Faxaflóahöfnum eða Sandgerði á tímabilinu frá kl. 12.00 til þess tíma er hér segir:

Í janúar	kl. 02.00
Í febrúar	kl. 01.00
Frá 1. mars til 15. mars	kl. 24.00
Frá 16. mars til 31. mars	kl. 23.00
Frá 1. apríl til loka	kl. 22.00

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við línu, sem dregin er frá Sandgerðisvita 2.0 sjómíllur út eftir hvíta ljósgeiranum og þaðan í norður í stað 64°07'0 n.br. og 22°47'5 v.lgd.

Þegar hinn tilsetti tími er kominn, skulu nefndarmenn, sem til þess eru kvaddir samkvæmt 6. gr. reglugerðar þessarar, annast um, að merki sé gefið.